

Reykjanesbær 12. desember 2023

Móttakendur:

Reykjanesbær:

bt. Guðlaugs H. Sigurjónssonar, sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs

Suðurnesjabær:

bt. Jóns Ben Einarssonar, sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs

Isavia:

bt. Björns Edvardssonar, skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar

Efni:

## Þróun Reykjanesbrautar milli Fitja og Keflavíkurflugvallar

Umboð starfshóps

Í undirbúningi er frekari þróun og skipulag fyrir Reykjanesbraut á kaflanum milli Fitja og Keflavíkurflugvallar. M.a. er Vegagerðin að setja af stað vinnu við forhönnun á breikkun brautarinnar á þessum kafla.

Þeir forsvarsmenn Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Isavia og Kadeco, sem fara með málefni umhverfis- og skipulagsmála, hafa þegar fundað vegna þessa undirbúnings. Niðurstaðan var að setja á laggirnar starfshóps með fulltrúum þessara aðila til að eiga í viðræðum við Vegagerðina, á grundvelli sameiginlegrar ályktunar.

Með samhljóða erindisbréfi þessu er óskað eftir því að Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Isavia staðfesti skipan eftirfarandi fulltrúa í starfshópinn, sem Kadeco leiðir, um málefni Reykjanesbrautar milli Fitja og flugstöðvar. Erindi þessu sé beint til viðeigandi stjórnarsýslueiningar til umfjöllunar og bókunar.

Frá Reykjanesbæ: Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri

Frá Suðurnesjabæ: Jón Ben Einarsson, sviðsstjóri

Frá Isavia: Björn Edvardsson, skipulagsfulltrúi

Upplýst er að frá Kadeco er jafnframt í hópnum Samúel Torfi Pétursson, þróunarstjóri Kadeco.

Virðingarfyllt,



Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco